



LISTASAFN REYKJAVÍKUR – KJARVALSSTAÐIR



Mary Ellen Mark
AMERICAN ODYSSEY
12. maí - 2. júní 2002





Jeff Gilliam and Stacy Spivey:
Mckee, Kentucky, 1990
© Mary Ellen Mark

Mary Ellen Mark

Mary Ellen Mark er einn áhrifamesti og markverðasti heimildarljósmyndari sem nú starfar. Um það vitna meira en tugur athyglisverðra bóka, sýningar sem víða hafa verið settar upp, auk myndafrásagna og stakra ljósmynda sem birst hafa í helstu timaritum heims á nærfellt fjórum áratugum. Ljósmyndarinn hefur hlotið flest þau verðlaun og viðurkenningar sem veitt eru í faginu og fyrir nokkrum misserum kusu lesendur timaritsins *American Photo* hana áhrifamesta kvenljósmyndara sögunnar, og var þar úr friðum flokki kvenna að velja.

Mary Ellen beinir linsu sinni að fólki; mennirnir og aðstæður þeirra eiga hug hennar allan. Hún vill sýna hvernig hinum vegnar í lífinu og er ekki sama um þá sem hún myndar. Við störf sín hefur Mary Ellen komið víða víð, bæði hvað myndefni og staði varðar. Þessi fjölbreytileiki er greinilegur í myndafrásögnun hennar og bókum en nefna má að myndirnar í þremur bókanna eru teknar á Indlandi: ein er um vændiskonur í Bombay, önnur um sírkusa og sú þriðja um líknarstörf móður Theresu. Mary Ellen hefur ferðast linnulítið um fjarlæg lönd síðustu áratugi, en hún er búsett í Bandaríkjunum og hefur skráð í því margbrotna samfélagi manna fjölbreytilegar frásagnir í myndum, þar á meðal margar helstu sögur sínar.

Í ljósmyndum Mary Ellen Mark frá Bandaríkjunum birtist fólk af öðru sauðahúsi og af mismunandi stigum samfélagsins. Aðstæðurnar sem birstast í myndunum eru oft undarlegar, án þess að um ádeilu sé að ræða; afstaðan í ljósmyndunum er iðulega flókin og erfitt að útskýra hvað það er sem gerir þær jafn athyglisverðar og raun ber vitni. Þær geta verið írónsk, sökum látragaðs eða athafna fyrirmyndanna, en á sama tíma alvarlegar og vekja fólk til umhugsunar. Mary Ellen starfar ósjaldan meðal fólks við átakanlegar kringumstæður og skapar ljósmyndir sem eru fullar hlýju, en án væmni eða nokkurra fordóma gagnvart fyrirmyndunum. Fólks sem getur í senn verið grímt og ólánlegt, skoplegt og aðdánarvert, undarlegt en þó kunnuglegt. Myndirnar vekja spurningar en þannig blás bandarískri raunveruleikinn við ljósmyndaranum og þannig vill hún að við upplifum hann í myndum hennar.

Mary Ellen Mark

Mary Ellen Mark is one of the most influential and remarkable documentary photographers active today. Among the things that bear witness to her excellence are some dozen captivating books, exhibitions that have been set up all over the globe, and photographic narratives and individual pictures that have been published in the world's top magazines and periodicals for nearly four decades. She has received most of the awards and other forms of recognition that can be had in the field, a memorable example of which is her recent election by the readers of *American Photo* magazine as the most influential female photographer of all time. Given the impressive line-up of nominees, this award is an even more eloquent indication of the respect and admiration with which Mark is viewed in the world of photography.

Mary Ellen Mark points her lens at people - men, women, children, and conditions of their lives are the things that move her. She wants to show how others get along in life, and she cares deeply about her subjects. Her work has drawn her into various arenas, as regards both subject matter and physical location. This diversity is clearly shown in her narratives and books; as an example, the photos in three of her books are taken in India: one about prostitutes in Bombay, another about circuses, and the third on the charitable work of Mother Theresa. Mark has traveled tirelessly to faraway places during the last few decades, but she lives in the United States, and throughout the years she has documented that complex society in myriad photographic sketches, some of which number among her chief works.

Mary Ellen Mark's American photographs show us people from diverse strata of society. The situations that appear in her photos are often bizarre, though they don't necessarily represent political commentary; the situations portrayed are quite complex, and it is often difficult to explain just what it is that makes them as interesting as in fact they are. They can be ironic - due to the gestures or actions of the people she photographs - and yet profound and thought-provoking at the same time. Mark often works with people who must tolerate unspeakable conditions, and from this often tragic material she creates photographs that are full of warmth but devoid of maudlin sentimentality or prejudice directed at her subjects. The companions of her photographic work are often savage yet unfortunate, comic yet admirable, peculiar and yet somehow familiar. The photographs give rise to a multitude of questions, but they show us how American reality presents itself to the photographer. And it is this reality that she wishes us to experience through her pictures.



The Damm Family in their car, Los Angeles, California, 1987 © Mary Ellen Mark

Börn, klæðskiptingar, mótorhjólalið, feitir, grannir, eldri borgarar, fegurðardrottningar, trúaðir, geðveikir, vændiskonur, öfgamenn, mótmælendur, ríkir og fátækir, þekktir sem óþekktir; allir virðast þeir lenda á myndum Mary Ellen Mark. Samúð hennar með fólkinu er einkanlega áberandi í stærri myndafrásögunum, um fólk á jafri tilverunnar, eins og Damm-fjölskylduna, sem Mary Ellen myndaði með nokkurra ára millibili, og Tiny sem var aðalpersónan í frásögninni um heimilislausa unglinga í Seattle. Mary Ellen hefur myndað Tiny reglulega, allt frá því að hún var fimmtán ára götubarn sem átti í erfiðu sambandi við móður sína, og þar til í dag, þegar hún er sjálf orðin vansæl móðir á fertugsaldri sem á fimm börn með fimm mönnum. Í þessum sögum kemst ljósmyndarinn svo nærri fyrirmyndunum - fólki sem er að upplagi afskaplega ósennilegar hetjur í sögum - að, eins og gagnrýnandi tímaritsins Time komst að orði, þá „er eins og mörkin sem skilji ljósmyndina frá lifinu hafi allt að því horfið“. Og um Damm-fjölskylduna, fólkið sem berst við eiturlyfjafíkn og býr börnum sínum skelfilegan heim að takast á við, sagði gagnrýnandinn þau ekki þess verð að linsu væri beint að þeim, nema vegna þess að Mary Ellen Mark stæði þar að baki með samúð sína vegna aðstæðna þeirra og hefði máttinn til að gera frásögn þeirra mikilvæga.

Children, transvestites, motorcycle gangs, fat people, skinny people, senior citizens, beauty queens, believers, mental patients, whores, extremists, protesters, rich people, poor people, the famous and the anonymous: all these seem to end up in Mary Ellen Mark's photos. Her empathy with people is especially salient in her larger narrative works, those that deal with people on the edge of accepted existence, such as the Damm family, whom she photographed at several-year intervals, and Tiny, the protagonist in her story about homeless teenagers in Seattle. Mary Ellen has photographed Tiny regularly throughout the years, from the time she was a fifteen-year-old street kid who had a difficult relationship with her mother, until the present, when she has emerged as an unhappy mother in her thirties, trying to raise five children fathered by five different men. In such photographic works, she comes so close to her subjects - quite an unlikely set of literary-artistic heroes - that, as a Time magazine critic put it, "it's as if the boundaries that distinguish a photograph from life have all but disappeared." And about the Damm family, drug addicts who have created a horrifying reality for their children to face, the critic said that they wouldn't be worth having the lens pointed at them if it were not Mary Ellen Mark who stood behind the camera: Mark, through her boundless empathy with their circumstances, possessed the compassion and the power that made their story important.

Árið 1971 var Mary Ellen að vinna við kvikmyndina Gauksreiðrið og kom þá á deild 81 á geðsjúkrahúsi í Oregonfylki þar sem vistaðar voru mjög sjúkar konur. Sú heimsókn hafði töluverð áhrif á Mary Ellen sem hafði lengi tekið fyrir sér lífi geðsjúkra. Nokkrum árum síðar fékk hún leyfi til að mynda á deildinni og dvaldi í rúman mánuð með konunum. Myndafrásögnin kom út árið 1979 í bókinni Ward 81 og sýndi í fyrsta sinn á afgerandi hátt hversu auðveldlega Mary Ellen ávann sér traust fólks. Sýnin í myndunum er mjög persónuleg, en ljósmyndarinn einsetti sér að sýna að sjúklingarnir væru raunverulegt fólk sem lent hefði í þessum erfiðu aðstæðum. Þeir eru líka ófár sem hafa fullrytt að bestu verk Mary Ellen Mark séu einmitt slíkar myndafrásagnir, þar sem hún sýnir sannan heim fólks sem annars er falinn; opinberar á samúðarfullan hátt líf fólks á jaðri mannlægs samfélags.

Sumir ljósmyndarar, sem náð hafa jafn langt og Mary Ellen, fara að endurtaka sig og viðhalda einungis þeim myndrænu stíleinkennum sem vöktu athygli á þeim. Því er ekki þannig farið með Mary Ellen Mark. Hún setur markðið ætíð jafn hátt, hvort sem hún sækist eftir myndrænum gæðum eða er í leit að þeim myndefnum sem hún hefur áhuga á að takast á við. Hún er réttlæga sannfærð um að hún hafi sitthvað markvert að segja með myndum sínum. Mary Ellen er fræg í ljósmyndaheiminum fyrir vinnuaðferðir sínar, fyrir það hversu einbeitt hún tekst á við sérhvert verkefni. Hún leggur sig alla fram við að ná góðu sambandi við fólkid sem hún myndar og að finna áhugaverð sjónarhorn. Að myndatökunni lokinni má síðan sjá að hún er einstakur myndstjóri og leggur mikið á sig við að koma frásögninni til skila með réttu vali mynda; þar gerir hún miklar kröfur til tæknilegra gæða ljósmyndanna; að þær segi söguna á eins skýran hátt og unnt er og að myndrænt séð geti þær staðið einar og óstuddar.

Á síðustu árum hefur Mary Ellen í auknum mæli einbeitt sér að portretmyndum og einnig hefur hún fundið nýjar leiðir til að sýna einstakt skopskyn sitt í myndum. Gagnrýnendur hafa bent á að hún beini enn sjónum að fólk sem telja má utan hefðbundins samfélagsramma, fólk sem deili sams konar upplifunum og síðum, en að áherslan á líf á jaðrinum hafi vikið fyrir myndum af fólk sem er í hefðbundnara lífsmynstri, þótt myndirnar setji það í sérstakt ljós. Sem dæmi um slíkar myndarir má nefna myndir af gömlum samkvæmisdönsurum í Flórída og menningunni í kringum rodeóin í Texas. Í þessum myndum birtast afkimar menningar sem eru ákaflega bandarískar en sammannlegir um leið.

Fyrir nokkrum árum sagði Mary Ellen í viðtali: „Ég held að þú opinberir sjálfa þig með því sem þú kýst að ljósmynda, og ég kys myndir sem segja eitthvað um myndefnið. Það er ekkert mjög áhugavert við sjálfa mig, það er fólkid sem ég mynda sem er áhugavert og því reyni ég ætíð að koma til skila.“

Einar Falur Ingólfsson

In 1971, while she was working on the film *One Flew Over the Cuckoo's Nest*, Mary Ellen went to Ward 81 at a mental hospital in Oregon, where severely mentally ill women were hospitalized. This visit made a profound impact on Mark, who had long reflected on the lives of the mentally ill. Several years later, after she was granted permission to photograph the ward, she lived there with the women for over a month. The photographic essay, published in 1979 in the book entitled *Ward 81*, showed clearly for the first time how easily Mary Ellen wins people's trust. The viewpoint in the photographs is intensely personal, for the photographer set about to show that the women in Ward 81 were real human beings who had had the misfortune to become overwhelmed by excruciating circumstances. Many have asserted that Mary Ellen Mark's best works are indeed these narratives: the stories where she reveals the real existence of people on the edge of society and shows the sides of their lives that might otherwise remain hidden.

Some photographers who become as renowned as Mark begin to repeat themselves and hold fast to the styles that originally drew attention to them. But this is not true of Mary Ellen Mark. She always aims high, whether she is trying to achieve graphic excellence or attempting to find interesting subjects for her next works. She is convinced - and rightly so - that she has something to say with her photographs. Mary Ellen Mark's methods are well known in the photography world; she is particularly famous for the intensity with which she dedicates herself to each project. She makes a supreme effort both to establish a good relationship with the people whom she photographs and to find captivating points of view for her pictures. At the end of the process, it is clear what a wonderful photographic editor she is. She puts an immense amount of effort into the effective communication of her message through proper photograph selection; during this process, she makes relentless demands concerning the photographs' technical quality, expressive value, and graphic independence - i.e., their ability to stand alone as individual works of visual art.

In recent years, Mary Ellen has turned more toward portrait photography and has found new ways to express her unique talent for satire in her works. Critics have pointed out that she still concentrates on people on the fringe of society, people whose lives and experiences are similar one to the next, but that this emphasis on the borderline element has given way to pictures of people with more conventional lifestyles, even though her photos show these people in a unique light. Examples of such "conventional" photographic series are her pictures of old ballroom dancers in Florida and her portrayal of Texas rodeo culture. These works illustrate societal niches that are emphatically American and yet express the overriding global humanness of their subjects at the same time.

A few years ago, Mary Ellen Mark said in an interview: "I think you reveal yourself by what you choose to photograph, but I prefer photographs that tell more about the subject. There's nothing much interesting about me; what's interesting is the person I'm photographing, and that's what I try to show..."

Einar Falur Ingólfsson



Mary Ellen Mark

1940 Fædd/Born, Philadelphia, Pennsylvania, USA
1958-1962 University of Pennsylvania, Philadelphia, B.F.A in Painting and Art History
1963-1964 Annenberg School for Communication, University of Pennsylvania, Philadelphia, Pennsylvania, M.A. in Photojournalism

Valdar einkasýningar/ Selected solo exhibitions:

1976 "Bars," Photographers Gallery, London
1976-77 "Ward 81," Gallery Forum, Stradpack, Graz, Austria, farandsýning /travelling exhibition
1981 "Falkland Road," Castelli Graphics, New York, New York, farandsýning /travelling exhibition
1983 "Mother Teresa and Calcutta," Friends of Photography, Carmel, California, farandsýning /travelling exhibition
1988 "Portraits," Photography Gallery, Santa Monica College, Santa Monica, California, farandsýning /travelling exhibition
1991 "Indian Circus: Platinum Prints," Castelli Graphics, New York, New York, farandsýning /travelling exhibition
1992 "Mary Ellen Mark: 25 Years," International Center for Photography, New York, New York, farandsýning /travelling exhibition
1993 "Mary Ellen Mark: Photographs," Parco Exposure Gallery, Tokyo, Japan
1993 "Mary Ellen Mark: America," Agatha Gaillard, Paris, France, farandsýning /travelling exhibition
1996 "The Master's Series: Mary Ellen Mark," School of Visual Arts, New York, New York
2000 "Mary Ellen Mark: American Odyssey," Borås Museum of Art, Borås, Sweden, farandsýning /travelling exhibition
2000 "Mary Ellen Mark: Photographs," Weinstein Gallery, Minneapolis, Minnesota
2000-2001 "Mary Ellen Mark: American Odyssey," Kulturhuset, Stockholm, Sweden
2001 "Mary Ellen Mark: American Odyssey," Landskrona Museum, Landskrona, Sweden
2001 "Mary Ellen Mark: American Odyssey," International Center of Photography, New York, NY
2001 "Mary Ellen Mark: American Odyssey," Minnesota Museum of American Art, Minneapolis, Minnesota
2002 "Mary Ellen Mark: American Odyssey," Friends of Photography, San Francisco, California
2002 "Mary Ellen Mark: American Odyssey," Norsk museum for fotografi, Preus Fotomuseum, Horten, Norway.

Valdar samsýningar/ Selected group exhibitions:

1992 "Our Town," Aperture, New York, New York
1994 Festival International de la Photo de Mode, Paris, France
1995 "A Century Apart: Images of Struggle & Spirit, Jacob Riis & Five Contemporary Photographers," City Museum of New York, New York, NY
1995 "Magic Moments - 40 Years of Leica M, Galerie Photo, Paris, France
1996 "60th Anniversary of Life Magazine," The Newseum, New York, New York
1997 "India: A Celebration of Independence, 1947-1997," National Gallery of Modern Art, New Delhi, New Delhi, India
1997 "Defining Eye: Women Photographers of the 20th Century," The Saint Louis Art Museum St. Louis, Missouri
1998 "Pictures of Texas Monthly, 25 Years," Lyndon Baines Johnson Library, Austin, Texas
1998 "The Coincidence of the Arts," (Mario Testino, David Levinthal, and Francisco Toledo), Musée des Arts Decoratifs, Paris, France
1999 "Masterminds of Mode: International Fashion Festival in Japan," Mitsukoshi Gallery at Nihonbashi Mitsukoshi, Japan
2000 "In Black and White: Photography," Stefan Stux Gallery, New York, New York
2001 "Two Women," Weinstein Gallery, Minneapolis, Minnesota

Helstu bækur/Partial Bibliography:

Passport (1974), Ward 81 (1979), Falkland Road (1981), Mary Ellen Mark: 25 Years (1991), Mother Theresa's Missions of Charity in Calcutta (1985), Streetwise (1988), Indian Circus (1993), A Cry For Help: Stories of Homelessness and Hope (1996), Mary Ellen Mark: Portraits (1997), Mary Ellen Mark: American Odyssey (1999)

INGANGUR

Sýningin Mary Ellen Mark: American Odyssey á Listahátíð í Reykjavík 2002 er samvinnuverkefni tveggja menningarstofnana Reykjavíkurborgar, Ljósmyndasafns Reykjavíkur og Listasafns Reykjavíkur.

Með sýningunni gefst borgarbúum og gestum Listahátíðar gullíð tækifæri til að sjá brot af verkum listakonunnar Mary Ellen Mark. Hún hefur um áratuga skeið verið talin einn merkasti ljósmyndari heims og spanna myndirnar á sýningunni meira en þriggja áratuga feril listakonunnar.

Það er fagnaðarefni að geta boðið upp á sýningu sem þessa á Listahátíð í Reykjavík 2002. Það er von okkar að í framtíðinni geti samvinna stofnanna orðið til þess að hægt verði að bjóða listunendum upp á fjölbreyttar og ríkulegar sýningar á ýmsu af því besta, sem er að gerast á sviði ljósmyndunar í heiminum.

Maria Karen Sigurðardóttir,
forstöðumaður Ljósmyndasafns Reykjavíkur

Eiríkur Þorláksson,
forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur

INTRODUCTION

The exhibition Mary Ellen Mark: American Odyssey is part of the Reykjavík Art Festival 2002. It is presented through the collaboration of two cultural institutions of the City of Reykjavík; the Reykjavík Museum of Photography and the Reykjavík Art Museum.

The exhibition offers an opportunity to see a fraction of Mary Ellen Mark's works, but during the last two decades she has been considered among the finest photographers in the world. The photographs in the exhibition span more than three decades of the artist's works.

We are proud to contribute this exhibition to the programme of the Reykjavík Art Festival 2002. It is our hope that collaboration between the two institutions can in the future bring a rich variety of different photography exhibitions to Icelandic audiences.

Maria Karen Sigurðardóttir,
Director of the Reykjavík Museum of Photography

Eiríkur Þorláksson,
Director of the Reykjavík Art Museum

Kjarvalsstaðir

Flókagötu - 105 Reykjavík

Sími/Tel: (354) 552 6131 Fax: (354) 562 6191

Opið daglega / Open daily 10-17, miðvikud. / Wednesdays 10-19

Leiðsögn sunnudaga kl. 15.00 / Guided tours Sunday 15.00

16. maí kl. 12.30 – Fyrir augu og eyru

Apparition í flutningi

Mórtu G. Halldórsdóttur og Arnar Magnússonar

19. maí kl. 15.00 – American Odyssey

Einar Falur Ingólfsson verður með leiðsögn

20. maí kl. 15.00 – Fyrir augu og eyru

Mountain Songs í flutningi

Magneu Árnadóttur og Páls Eyjólfssonar

Hafnarhús

Tryggvagötu 17 - 101 Reykjavík

Sími/Tel: 511 5155 Fax: 562 6191

Opið daglega / Open daily 11-18, fimmtudaga / Thursdays 11-19

Leiðsögn sunnudaga kl. 16.00 / Guided tours Sunday 16.00

16. maí kl. 20.00 – Hafnarhúskvöld - Raddir þjóðar

Fram koma tónlistarmennirnir

Sigurður Flosason og Pétur Grétarsson

16. maí kl. 22.00 – Tangóball

á vegum Tangófélagsins og Kramhússins

17. maí kl. 12.30 – Fyrir augu og eyru

Chalumeaux-tríóið flytur tvö verk eftir Pál P. Pálsson

17. maí kl. 20.00 – Guðjón Bjarnason

Frumflutt heimildarmynd Þorfinns Guðnasonar

19. maí kl. 15.00 – Tónlistarhús

Kynning á verðlaunatilögum

um tónlistarhús og gönguferð um svæðið

19. maí kl. 17.00 – Fyrir augu og eyru

Margrét Bóasdóttir og Miklos Dalmay

frumflytja níu íslensk sönglög

20. maí kl. 20.00 – Hafnarhúskvöld - Percaduo

tveir slagverksleikarar frá Ísrael

23. maí kl. 12.30 – Fyrir augu og eyru

Eydís Franzdóttir óbóleikari

frumflytur íslensk einleiksverk

25. maí kl. 21.00 – Hafnarhúskvöld

Sveifla með Jörgensen á kosningakvöldi

26. maí kl. 20.00 – Hafnarhúskvöld

Shakuhachi og fleiri flautur

31. maí kl. 22.00 – Lokaball Listahátíðar í Reykjavík

Ásmundarsafn

Sigtúni - 105 Reykjavík

Sími/Tel: (354) 553 2155 Fax: (354) 562 6191

Opið alla daga 10-16 / Open daily 10-16

Listin meðal fólksins / Art in Public

Sýningarstjórar / Curators Pétur H.

Ármannsson, Hanna Styrmsdóttir

20. 05.-

Fullorðnir / Adults 500

Eldri borgarar / Senior citizens 250

Öryrkjar / Visitors w. disabilities 250

Hópar (fleiri en 10) / Groups (10 or more) 250

Yngri en 18 ára / Under 18 ókeypis / free

Mánudaga / Mondays ókeypis / free

ATH! Aðgöngumiðinn gildir samdægurs í öll þrjú hús

NB! The admission-ticket is valid on the same day for all three houses

Sýningin er samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur og Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

The exhibition is a collaboration between the Reykjavík Art Museum and the Reykjavík Museum of Photography.